



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 6. maí 2009

Ákvörðun nr. 19/2009

### **Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Tengils eignarhaldsfélags ehf.**

#### **1.**

Þann 21. apríl 2009 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning vegna samruna Kaupfélags Skagfirðinga svf. (hér eftir nefnt KS) og Tengils eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir nefnt TE). Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

#### **2.**

Í samrunatilkynningunni segir að með samrunanum verði KS eigandi að 90% hlut í TE. KS eigi nú þegar 30% hlut. TE á jafnframt 77,8% hlut í Tengli ehf.

Helsta starfsemi KS er sviði kjötframleiðslu, mjólkurframleiðslu, fóðurframleiðslu, verslunarrekstrar, sjávarútvegs, rekstrar bíla- og vélaverkstæðis og vöruflutninga. Skráður tilgangur KS er að annast á sem hagfelldastan hátt hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir félagsmenn og aðra, svo sem nánar er kveðið á í samþykktum félagsins, eða aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma, efla atvinnu í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins, sem hentast hverju sinni og að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhags þess.

Starfsemi TE felst eingöngu í því að halda á eignarhlut í Tengli. Aðalstarfsemi Tengils er rekstur á rafmagnsverkstæði og tölvuþjónustu. Markaðssvæði Tengils á hinu fyrrgreinda starfssviði telja samrunaaðilar að sé Norðurland, en markaðssvæði á tölvumarkaði sé landið allt.

Félög sem tengjast samrunanum með óbeinum hætti eru Fóðurblandan hf., FISK-Seafood hf., Vörumiðlun ehf. og Íslenskar sjávarafurðir ehf., sem öll eru dótturfélög KS.

Að sögn samrunaaðila eru margir aðilar starfandi á þeim mörkuðum sem hér um ræðir og telja aðilar að samruninn komi ekki til með að hafa áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa á.

#### **3.**

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með



umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Kaup KS á meirihluta hlutafjár í TE flokkast undir samruna í skilningi samkeppnisréttar en athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þess og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa KS á TE á grundvelli 17. gr. c. samkeppnislaga.

#### 4.

#### Ákvörðunarorð:

**„Yfirtaka Kaupfélags Skagfirðinga svf. á hlutum í Tengli eignarhaldsfélagi ehf. telst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson